

um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Í stað orðanna „13000 kr.“ í 3. og 4. málslíð 1. mgr. 4. gr. komi: 16000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „26000 kr.“ í A-lið 13. gr. komi: 32000 kr.

Í stað orðanna „10000 kr.“ í 2. málslíð, 1. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 15000 kr.

Í stað orðanna „4000 kr.“ í 1. málslíð, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 6000 kr.

Í stað orðanna „6000 kr.“ í 2. málslíð, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 9000 kr.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 80000 kr.

B. Fyrir hjón 112000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 56000 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 16000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar húa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 16000 kr., að viðbættum 3200 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skatt-yfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

4. gr.

I-liður 25. gr. orðist svo:

Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. 3. málsg. reiknast þannig:

Af fyrstu 37000 kr. skattgjaldstekna greiðist 9%

Af 37000—62000 kr. greiðist 3330 kr. af 37000 kr. og 18% af afgangi.

Af 62000 kr. og yfir greiðist 7830 kr. af 62000 kr. og 27% af afgangi.

5. gr.

Upphaf 1. mgr. 36. gr. orðist svo:

Allir framtalsskyldir aðilar, embættismenn og aðrir ...

Við 2. mgr. 36. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver móttakandi starfslauna og annarra greiðslna, sem fyrirmæli þessarar málsg. taka til, skuli sýna greiðanda eða milligöngumanni nafnskirteini sitt, svo og að upplýsingar greiðanda til skatt-yfirvalda um nafn, fæðingardag og nafnúmer hlutaðeiganda skuli vera í samræmi við það, sem stendur á nafnskirteini þeirra.

6. gr.

Á eftir orðunum, „... um skattákvörðun, ...“ í fyrri málslið 4. mgr. 42. gr. komi orðin: .. skv. lögum þessum eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem á lögð eru af skattstjórum, ..

7. gr.

Við 1. mgr. 51. gr. bætist:

Um sektir þær, sem ríkisskattstjóri ákveður skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur, að því er innheimtu varðar, og um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, þar á meðal um lögtaksrétt.

8. gr.

Á eftir 52. gr. laganna komi ný gr., er verði 53. gr., svo hljóðandi:

Skylt er, frá og með gjaldárinu 1966, að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 4. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1964.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 55 17. júlí 1964 og gefa lögín um tekjuskatt og eignarskatt út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á s. 1. hausti fól fjármálaráðherra ríkisskattstjóra að endurskoða nokkra þætti gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt, í því skyni að gera ýmsar lagfæringar til hagsbóta fyrir gjaldendur.

Þessar eru helztu breytingar á reglum um álagningu tekjuskatts, sem felast í frumvarpinu:

Ráðgert er að hækka fjölskyldufrádrætti um 23%, breikka þrepin í tekjuskattstiganum um 23% til 24% og lækka hundraðstölur hvers þreps um 10%.

Tvær fyrsttöldu breytingarnar eru að verulegu leyti miðaðar við niðurstöður athugana Efnahagsstofnunarinnar um áætlanir á breytingum á vinnutöxtum verka-, sjó- og iðnaðarmanna frá árinu 1963 til ársins 1964. Vinnutaxtabreytingarnar eru taldar hafa að meðaltali valdið um 23% hækkun launa þessara stétta á tímabilinu.

Þessar breytingar samkvæmt frumvarpinu leiða til þess, að skattþegn með 23% teknaaukningu milli ára greiðir hlutfallslega 10% lægri tekjuskatt 1965 en hann gerði 1964.

Þá er lagt til, að fjölskyldufrádrættir og skattstigaprep, vegna álagðs tekjuskatts 1966 og síðar, breytist samkvæmt skattvísitölu.

Ríkisstjórnin hefur átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um breytingar þær, sem felast í frumvarpinu. Rétt þykir, að breytingartillögur fulltrúa A. S. Í. verði teknar til athugunar við meðferð málsins á Alþingi.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Með hliðsjón af breytingum skv. 3. gr. frumvarpsins er lagt til, að því aðeins sé heimilt að ákveða barni skatt, sem sjálfstæðum skattþegni, að hreinar tekjur þess nemi meira en 16000 kr. og að ætíð skuli telja til tekna hjá foreldrum 16000 kr. af tekjum barnsins.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af breytingum skv. 3. gr. frumvarpsins er lagt til, að frádráttur vegna heimilisstofnunar verði hækkaður samsvarandi.

Þá er lagt til, að hámarksfrádráttur vegna iðgjalda af lífeyri verði hækkaður um 5000 kr., vegna iðgjalda af lífsábyrgð um 2000 kr. hjá þeim, sem eru aðilar að lífeyrissjóðum og um 3000 kr. að því er aðra varðar.

Um 3. gr.

Með hliðsjón af breytingum á kaupgjaldi þykir rétt að leggja til, að fjölskyldufrádráttur verði hækkaður um 15000 kr. fyrir einstakling, um 21000 kr. fyrir hjón og um 3000 kr. fyrir hvert barn.

Enn fremur er lagt til, að grunnfrádráttur vegna heimilishalds einstæðs foreldris verði 16000 kr. í stað 13000 kr. og frádráttur að auki vegna hvers barns verði 3200 kr. í stað 2600 kr.

Um 4. gr.

Lagt er til, að þrepin í tekjuskattstíganum verði hækkuð í svipuðu hlutfalli og hækkun fjölskyldufrádráttar sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til, að hundraðstölur hvers þreps lækki um tíu af hundraði og verði 9%, 18% og 27% í stað 10%, 20% og 30%.

Um 5. gr.

Lagt er til, að í 1. mgr. 36. gr. verði kveðið skýrar á en nú er um skyldu framtalsskyldra aðila til upplýsinga- og skýrslugjafa til skattyfirvalda.

Þar sem Alþingi hefur nú samþykkt frumvarp um útgáfu nafnskirteina til allra einstaklinga 12 ára og eldri, þykir rétt að fjármálaráðherra sé veitt heimild til að mæla svo fyrir, að hver móttakandi starfslauna og hliðstæðra greiðslna skuli sýna greiðanda nafnskirteini sitt, svo að hinn síðar nefndi geti sett nafnúmer og aðrar upplýsingar samkvæmt nafnskirteini á launamiða til skattyfirvalda. Mundi slík tilhögun létta og treysta störf skattyfirvalda og skapa grundvöll fyrir úrvinnslu launamiða í skýrsluvélum.

Um 6. gr.

Skv. gildandi lögum er eigi öruggt, að ríkisskattanevnd megi breyta ákvörðun skattstjóra um aðra skatta og gjöld en tekjuskatt, eignarskatt og tryggingargjöld.

Skv. 2. mgr. 42. gr. gildandi laga hefur ríkisskattstjóri heimild til að rannsaka framkvæmd þessara laga, svo og allra annarra laga um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum. Þykir því rétt að leggja til, að skýrt sé kveðið á um, að ríkisskattanevnd hafi heimild til að breyta ákvörðun skattstjóra varðandi hin sömu gjöld.

Um 7. gr.

Lagt er til, að um innheimtu sekta skv. 48. gr. fari á sama hátt og um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts, þegar um er að ræða skattsektir ákveðnar af ríkisskattstjóra.

Um 8. gr.

Lagt er til, að frá og með gjaldárinu 1966 sé skylt að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstíga þeim, sem um ræðir í 4. gr. frumvarpsins, í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin sé af fjármálaráðherra, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.